


# 1. Hæð
1 : 100

STÆRÐIR:

| | m² | m³ |
|---|---|---|
| Botn | - | 42,9 |
| Kjallari | 214,3 | 492,9 |
| 1. hæð | 212,2 | 700,3 |
| 2. hæð | 212,2 | 636,6 |
| Ris | 184,7 | 513,2 |
| Samtals | 798,0 | 2385,9 |

Birt flatarmál 727,6 m²

BREYTING A: 15.02.2024

BREYTING SVALA RISHÆÐAR SEM FÆRAST Á GAFLA HÚSSINS. SVÖLUM VERÐUR BREYTT Í STÁLSVALIR MEÐ FORSTEYPTRI PLÖTU.

## BYGGINGARLÝSING

AðALGATA 14, LANDNúMER, 150955 , STAÐGREINIR 6250-3-00230140. LóÐARSTÆRð ER 697,6 m². BYGGINGIN ER í UMFANGSFLOKKI 2.
HúSIÐ ER á FJóRUM HÆÐUM, KJALLARI, TVÆR HÆÐIR OG RIS, BYGGT áRIÐ 1982 OG HANNAð UPPHAFLEGA AF HARALDI V. HARALDSSYNI.

BREYTINGAR NÓV. 2023:
INNRÉTTA á GISTIAÐSTöÐU á TVEIMUR EFSTU HÆÐUNUM MEÐ 7 GISTIEININGUM, VEITINGASAL á JARðHÆÐ OG HEILSULIND í KJALLARA áSAMT BÚNAðARGEYMSLU. FLÓTTASTIGA BÆTT VIÐ.
STARFSMENN ERU 2-3. GERT ER RÁÐ FYRIR 25 MANNS Að HÁMARKI í SAL, GERT ER RÁÐ FYRIR 15-20 MANNS í GISTINGU.

BURÐARVIRKI:
HúSIð ER STEINSTEYPT OG EINANGRAÐ Að INNAN MEð FRAUÐPLASTI OG MÚRHÚðAð. ÞAK ER TIMBURþAK OG KLÆTT þAKSKÍFUM .

GLUGGAR OG HURÐIR:
GLUGGAR OG ÚTIHURÐIR ERU ÚR TIMBRI MEÐ TVÖFÖLDU EINANGRUNARGLERI. ÖRYGGISGLER KOMI Í GLUGGA OG HURÐIR SKV. REGLUGERÐ. FLÓTTALEIÐIR ERU UM ÚTIDYR. HÆÐ ÞRÖSKULDA ÚTIDYRA SÉ EKKI HÆRRI EN 25 mm. HINDRUNARLAUS UMFERÐARBREIDD ÚTIDYRA SKAL VERA 830 mm AÐ LÁGMARKI. HÆÐ HURÐARBLAÐA SKAL VERA 2100 mm OG BREIDD 900 mm AÐ LÁGMARKI.

INNVEGGIR:
INNVEGGIR ERU BLIKKVEGGIR KLÆDDIR TVÖFÖLDU GIFSI Í BRUNAFLOKKI 1 EÐA STEINSTEYPTIR. ALLAR KLÆÐNINGAR UPPFYLLI KRÖFUR BYGGINGAREGLUGERÐAR NR. 112/2012, KAFLI 10 UM HOLLUSTUKRÖFUR. LOFTHLJÓÐEINANGRUN SAMKV. ÍST 45 2016.

INNIHURÐIR:
INNIHURÐIR ERU ÚR TIMBRI MEÐ HARÐPLASTI. HINDRUNARLAUS UMFERÐARBREIDD INNIHURÐA SKAL VERA 800 mm AÐ LÁGMARKI. UMFERÐARHÆÐ HURÐARBLAÐA SKAL VERA 2000 mm AÐ LÁGMARKI. LOFTHLJÓÐEINANGRUN SKV. ÍST 45 2016.

LOFT:
LOFT ERU NIÐURTEKIN OG KLÆDD GIFSI/HLJÓÐÍSOGPLÖTUM.
LOFT Í KJALLARA ERU MÁLUÐ.

LAGNIR:
VATNSINNTÖK OG RAFMAGNSINNTAK ERU Í TÆKNIRÝMI Í KJALLARA, VÉLRÆNT ÚTSOG (LR) KOMI Í ÖLL VOTRÝMI, UPPHITUN ER MEÐ GÓLFHITA. VATNS- OG HITALAGNIR ERU ÚR ÁLPEX RÖRUM. Í INNTAKSRÝMI KOMI MILLIHITARI. HÁMARKSHITASTIG NEYSLUVATNS VIÐ TÖPPUNARSTAÐ SÉ 45°C. LAGNALEIÐIR ERU Í GÓLFI, VEGGJUM OG LOFTI.

HLJÓÐVIST:
BYGGINGIN ER Í HLJÓÐVISTARFLOKKI C OG HANNIST SAMKVÆMT IST 45 (2016)

LYFTA:
Í HÚSINU ER FÓLKSFLUTNINGALYFTA.

ALGILD HÖNNUN:
BYGGINGIN ER HÖNNUÐ Í SAMRÆMI VIÐ KRÖFUR UM ALGILDA HÖNNUN. SÉR SNYRTINGAR OG BAÐAÐSTAÐA ER FYRIR HREYFIHAMLAÐA. LYFTA ER Í HÚSINU.

HANDRIÐ:
STIGAHANDRIÐ ERU ÚR STÁLI, HANDRIÐ Á SVÖLUM ER ÚR ÖRYGGISGLERI.

FLÓTTASTIGI:
FLÓTTASTIGI ER ÚR HEITGALVANHÚÐUÐU STÁLI.

GÓLF:
GÓLF ERU LÖGÐ FLÍSUM/HARÐPARKETI MEÐ HLJÓÐDEMPUNARUNDIRLAGI.

## SAMANTEKT BRUNAVARNA

Samantekt brunavarna er skv. brunahönnunarskýrslu ÖRUGG verkfræðistofu, verknr. 3514-001-GRG-001-V01.

**NOTKUNARSKILMÁLAR VEGNA BRUNAVARNA**
Byggingin er skilgreind í tvo notkunarflokka, annars vegar er kjallari ætlaður sem heilsulind ásamt jarðhæð sem veitingasalur í notkunarflokki 2 og hins vegar 2. hæð og ris í notkunarflokki 4. Almennt er gert ráð fyrir að brunaálag sé undir 800 $MJ/m^2$. Reiknað er með að hámarki 48 manns í byggingunni samtímis, þar af mest 28 á jarðhæð og 20 manns á efri hæðum og kjallara.

**Brunaviðvörunarkerfi**
Í allri byggingunni verður brunaviðvörunarkerfi, tengt viðurkenndri vaktstöð samkvæmt leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54. Stöð brunaviðvörunarkerfis verður við inngang að stiga á fyrstu hæð.

**Handslökkvibúnaður**
Uppsetning, frágangur handslökkvitækja skal vera í samræmi við leiðbeiningar HMS nr. 165.BR1. Uppsetning og frágangur slöngukefla skal vera í samræmi við leiðbeiningar HMS nr. 9.4.5. Staðsetning handslökkvitækja er sýnd á aðaluppdrætti. Almennt skulu notuð léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 34A og 233B. Í eldhúsi skal auk þess vera slökkvitæki fyrir elda í flokki F, í eldhúsi er eindregið mælt með eldvarnarteppum að auki.
Slöngukefli verða í kjallara og á fyrstu hæð, staðsett samkvæmt aðaluppdrætti. Þau skulu vera skv. ÍST EN 671-1 [6].

**Sjálfvirk slökkvikerfi**
Slökkvikerfi verður í eldhússháf þar sem steiking fer fram. Slökkvikerfi í eldhúsháf skulu geta virkjast sjálfvirkt og handvirkt, búin sjálfstæðri virkni þannig að bili annar skal hinn enn vera virkur. Við virkjun kerfisins skal slökkt sjálfvirkt á öllum orkugjöfum að öllum eldunartækjum sem eru undir sama háf og senda boð til brunaviðvörunarkerfis hússins. Handboði sem getur ræst eldhússlökkvikerfið skal staðsettur í rýmingarleið frá áhættunni.

**Reyklosun**
Reyklosun verður frá kjallara um 1$m^2$ lúgu og hurð að útistiga, sem opnast handvirkt af slökkviliði.
Frá stigahúsi með 1$m^2$ þakglugga með hnappi við stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.

**Neyðarlýsing og leiðarmerkingar**
Uppfylla skal gildandi staðla fyrir leiðarmerkingar og neyðarlýsingu: ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Svæðislýsing skal vera 0,5 lúx í öllum opnum svæðum og á snyrtingum. Neyðarlýsing skal vera 1 lúx á skilgreindum flóttaleiðum. Neyðarlýsing í stigum, við öryggisbúnað og í tæknirýmum skal vera 5 lúx, í eldhúsi skal vera 15 lúx.
Allar flóttaleiðir í mannvirkjum skulu vera með nægjanlega almenna lýsingu þannig að notkun þeirra sé greið og tekið tillit til algildrar hönnunar. Tryggja skal örugga lýsingu á útisvæðum vegna rýmingar frá byggingunni.

**Rýming við eldsvoða**
Skylt er að setja upp rýmingaráætlun fyrir bygginguna í samræmi við reglur HMS og Vinnueftirlitsins. Reiknað er með að settir verði upp uppdrættir í byggingunni sem sýna upplýsingar um útgönguleiðir ásamt upplýsingum um viðbrögð við rýmingu vegna eldsvoða eða annarrar hættu.

**Flóttaleiðir**
Flóttaleiðir eru samkvæmt teikningu.

**Dyr í flóttaleið**
Hurðir í flóttaleið skulu hafa a.m.k. hún og sneril. Hurðir í meginflóttaleiðum frá miðrými og göngum skulu hafa opnunarbúnað skv. ÍST EN 179.

**Frágengi fyrir alla**
Reiknað er með að hreyfihamlaðir geti nýtt sér allar almennar rýmingarleiðir út undir bert loft frá 1. hæð. Örugg biðsvæði verður við stigpall úti við 2. hæð og á svölum 3. hæðar.

**Klæðningar og gólf**
Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1. Klæðningar innanhúss eru $K_2$10 B-s1, d0 (flokkur 1). Gólfefni á flóttaleiðum í flokki $D_{fl}$-s1 (flokkur G), gólfefni í stigahúsi í flokk $C_{fl}$-s1. Utanhússklæðningar verða óbrennanlegar, í flokki A2-s1,d0 skv. ÍST EN 13501-1. Sama krafa gildir um öll efni tengd veðurkápu. Öll einangrun skal vera óbrennanleg nema skv. stafliðum a.-e. gr. 9.6.10 í byggingarreglugerð. Þakklæðningar skulu uppfylla flokk T ($B_{roof}$ (t2)).

**Brunahólfun**
Brunahólfun er sýnd á teikningum. Stigahús og lyftuhús skulu standast REI90. Aðrir brunahólfandi veggir innan eignar skulu standast EI60. Hæðarskil skulu standast REI90. Þak skal standast REI60.

**Burðarvirki við bruna**
Burðarvirki skulu uppfylla R90.

**Loftræsikerfi**
Loftræsikerfum er ekki ætlað sérstakt hlutverk í bruna. Þannig skal frá þeim gengið að þau rýri ekki brunahólfun né stuðli að útbreiðslu reyks. Brunahólfun loftræsikerfis skal uppfylla sömu kröfur og brunahólfun í byggingunni almennt (veggir og hæðaskil brunahólfa).
Loftrásir, ætlaðar til að flytja eim, skulu vera með heilsoðnum samsetningum og ganga órofnar út. Efni í slíkum loftrásum skal almennt vera skv. ÍST EN 13501-1. Þær skulu hafa viðeigandi eldvarnarbúnað og fitugildrur og þannig gerðar að auðvelt sé að hreinsa þær.

**Aðkoma og aðgerðir slökkviliðs**
Byggingin er staðsett í um 200m fjarlægð frá slökkvistöð Slökkviliðs Fjallabyggðar, Ólafsfirði. Viðbragðstími er áætlaður undir 15 mínútum. Reiknað er með aðkomu slökkviliðs frá Kirkjuvegi og/eða Aðalgötu. Slökkviliðið getur þurft að aðstoða við rýmingu frá öruggu svæði við stiga frá 2. hæð og svölum 3. hæðar. Slökkvivatnsþörf fyrir bygginguna er reiknuð 13,5l/s.

**Viðhald brunavarna**
Skylt er að gera þjónustusamning við viðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörunarkerfi og handslökkvitækjum. Gera skal þjónustusamning um viðhald á neyðarlýsingu og sjálfvirku slökkvikerfi í eldhússháfi. Setja skal upp eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir byggingu sbr. reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnareftirlit.

1:100 0 1 2 3 4 5 m

SKÝRINGAR:

| | |
|---|---|
| (red solid line) | LÓÐARMÖRK |
| (red dashed line) | BYGGINGARREITUR |
| S | SORPGERÐI |
| GK: 0,00 | HÆÐARKÓTI GÓLFS |
| LR | VÉLRÆN LOFTRÆSING |
| BO | BJÖRGUNAROP |
| ÞN/NF | ÞAKNIÐURFALL |
| GN | GÓLFNIÐURFALL |
| SN | SNYRTING |
| ST | STURTA |
| REI60/REI90 | BERANDI BYGGINGARHLUTI SEM HELDUR EINANGRUN OG HEILLEIKA Í 60/90 MÍNÚTUR |
| EI60 | BYGGINGARHLUTI SEM HELDUR EINANGRUN OG HEILLEIKA Í 60 MÍNÚTUR |
| EI 30-$CS_{200}$ | HURÐ SEM HELDUR EINANGRUN OG HEILLEIKA Í 30 MÍNÚTUR, ER SJÁLFLOKANDI OG REYKÞÉTT FYRIR HEITAN REYK |
| E-30 | ELDTEFJANDI GLER SEM HELDUR HEILLEIKA Í 30 MÍNÚTUR |
| EW30 | ELDTEFJANDI GLER SEM HELDUR HEILLEIKA Í 30 MÍNÚTUR OG ER MEÐ HITAGEISLUNARVÖRN |
| | STJÓRNSTÖÐ BRUNAVIÐVÖRUNARKERFIS |
| ÚT | MERKTUR ÚTGANGUR MEÐ LJÓSI |
| | BRUNASLANGA |
| | HANDSLÖKKVITÆKI |

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: |
|---|---|---|---|
| A | 15.02.2024 | Breyting á svölum rishæðar yfir í stálsvalir á göflum hússins. | FH |

Verkheiti:
**Aðalgata 14**

Staður:
Ólafsfirði

Teikniflokkur:
Aðalteikningar

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Landnúmer:** | 150955 | **Staðgreinir:** | 6250-3-00230140 |

**Grunnmynd 1. hæð**
Byggingarlýsing
Skýringar

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Teiknað af:** | FH, AÁB | **Mælikvarði:** | 1 : 100 |
| **Yfirfarið af:** | FH | **Dagsetning:** | 22.01 2024 |

**Hönnuður:**

**Hönnunarstjóri:**


Anna Margrét Hauksdóttir arkitekt - kt. 120665-3169
Anton Örn Brynjarsson verkfræðingur - kt. 270559-7199
Fanney Hauksdóttir arkitekt - kt. 170561-7249
Kári Magnússon byggingafræðingur - kt. 081171-5649

**AVH ehf. - Arkitektúr-Verkfræði-Hönnun**
Kaupangi - Mýrarvegi - 600 Akureyri / Sími: 460 4400
Þingholtsstræti 27 - 101 Reykjavík / Sími: 561 4400
avh@avh.is - www.avh.is


| Númer | Útgáfa |
|---|---|
| 102 | A |

Blaðastærð: A2

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞYKKI

Vistað: 15.2.2024 11:45:44
Skrá: S:\Gogn\Aðalgata 14, Ólafsfirði\Teikningar\Arkitekt\II-adaluppdr\Aðalgata 14 (R23).rvt